

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 – 10  
101 Reykjavík

[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

6. maí 2019

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 93/2017, um breytingu á IV. viðauka (orka) við EES-samninginn (þriðji orkupakkinn), 777. mál.**

Farsælt samstarf ESB og EFTA ríkjanna í EES-samningnum, sem um þessar mundir fagnar 25 ára afmæli, hefur fært Íslendingum mikinn ábata á þessum aldarfjórðungi, lífskjör hafa batnað og atvinnulífið eflst. Með svokölluðu fjórfrelsi er tryggð frjáls för fólks um alla Evrópu og vörur og þjónusta, sem uppfylla grunnkröfur, eiga sameiginlegan markað um alla álfuna en einnig er flutningur fjármagns frjáls á EES svæðinu.

EES-samstarfið nær ekki til nýtingar auðlinda eins og sést af því að það eru Norðmenn sjálfir sem ákveða hvernig nýta skuli olíu- eða gaslindirnar þar. Það eru Finnar og Svíar sem ákveða hvernig skuli höggva skóga hjá sér. Og það eru Íslendingar sem ákveða hvort eða hvernig nýta eigi jarðhitann, vatnsaflíð eða vindinn sem stöðugt blæs. Þessar ákvarðanir eru ekki teknar af Evrópusambandinu.

Norðmenn hafa sjálfir ákveðið í samstarfi við stjórnvöld í viðkomandi ríkjum að leggja rafstrengi til Hollands, Þýskalands og nú síðast til Englands og hafa af því mikinn hagnað með orkusölu, jafnara framboði á orku heima fyrir og samkeppnishæfu orkuverði til fyrirtækja og heimila. Evrópusambandið hefur ekki ákveðið þetta.

EES-samningurinn nær hins vegar til þess að vörur sem eru á markaði þurfa að uppfylla ákveðnar kröfur um orkunýtingu og tæknilega staðla á hverju sviði fyrir sig. Þetta nýtist íslenskum tæknifyrirtækjum sem geta treyst því að vörur þeirra séu gjaldgengar í allri Evrópu að grunnkröfum uppfylltum. Gert er ráð fyrir að samkeppni ríki á sem flestum sviðum þar á meðal um orkusölu enda er samkeppni góð fyrir neytendur.

Hér á landi er það Orkustofnun sem fer með eftirlit með orkumarkaðnum og fylgist með að reglur sem felast í löggjöfinni séu uppfylltar. Þannig er stjórnvöldum, ríki og sveitarfélögum, sem eiga orkulindirnar að mestu, orkuframleiðslufyrirtækin og flutningskerfi orkunnar, veitt nauðsynlegt aðhald. Eftirlitsstofnun EFTA tryggir að

beiting reglanna sé samræmd í EFTA ríkjunum og í ESB. Þetta er sams konar kerfi og á við um fjármálaeftirlit, eftirlit með efnalögum, matvælalöggjöfni og fleiri lagabálkum sem Ísland hefur innleitt í kjölfar aðildarinnar að EES-samningnum (s.k. tveggja stoða kerfi).

Orkulöggjöfin styrkir stöðu orkukaupenda, atvinnulífs og almennings, gagnvart orkuvinnslu og dreifingu sem er á höndum örfárra fyrirtækja. Henni er ætlað að veita orkufyrirtækjunum aðhald, tryggja aukna samkeppni og veita kaupendum valkosti um hvar orkan er keypt. Neytendur, hvort sem eru heimili eða fyrirtæki, njóta ávaxta samkeppninnar í betri þjónustu, auknum stöðugleika og lægra verði.

Smám saman hafa aukist kröfur um betri nýtingu orku, aukna notkun endurnýjanlegra orkulinda og um orkusparnað. Þetta endurspeglast m.a. í reglum um orkumarkaðinn. Einnig verða loftslagsmál og orkumál stöðugt samofnari enda er notkun jarðefnaeldsneytis meginorsök loftslagsbreytinga. Íslendingar hafa sett sér markmið um að draga mjög úr losun gróðurhúsalofttegunda ásamt því að stefna að kolefnishlutleysi og eru í samstarfi við Evrópusambandið um sameiginlegar skuldbindingar gagnvart loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna. Hagsmunir Íslands af þessu samstarfi eru mjög miklir og þátttaka í viðskiptakerfi Evrópu með losunarheimildir tryggir að orkufrekur iðnaður og fleiri fyrirtæki hér á landi býr við sömu samkeppnisaðstæður og eru annars staðar á EES-svæðinu.

Löggjöf um orku- og loftslagsmál mun halda áfram að þróast og auk löggjafar sem nú er til meðhöndlunar á Alþingi eru á döfinni enn frekari breytingar á lögum og reglum sem þessu sviði tengjast.

Það er því mikilvægt fyrir hagsmuni Íslands, atvinnulífsins og fólksins í landinu að halda áfram samstarfinu við ESB um orku- og loftslagsmál. Alþjóðleg samvinna á þessu sviði mun auðvelda viðureignina við loftslagsbreytingar.

**Samtök atvinnulífsins styðja samþykkt þingsályktunartillögunnar og innleiðingu þriðja orkupakkans. Í þessu felst einnig stuðningur við þingmál nr. 782, 791 og 792.**

Virðingarfyllst,



framkvæmdastjóri.